

Orkustofnun
María Guðmundsdóttir
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Reykjavík, 15. mars 2024
UST202402-343/S.A.J.
10.05.00

Efni: Ósk um umsögn - vegna umsóknar Orku náttúrunnar um nýtingarleyfi á jarðhita á Hellisheiði

Vísað er til erindis Orkustofnunar sem barst þann 19. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn Orku náttúrunnar um nýtingarleyfi á jarðhita á Hellisheiði.

Lýsing

Orkustofnun veitti Orku náttúrunnar ohf. (ON) nýtingarleyfi fyrir jarðhita á nýtingarsvæði Hellisheiðarvirkjunar 2. nóvember 2015. Í leyfinu eru nýtingarsvæðið afmarkað og skorður settar á hversu mikinn massa og orku má taka úr svæðinu ásamt leyfilegum niðurdrætti. Breytingar á vermi vökvans úr jarðhitasvæðunum sem virkjunin nýtir (Hellisheiði og Hverahlíð) hefur leitt til þess heimildir um massavinnslu í gildandi nýtingarleyfi fyrir jarðhita á Hellisheiði eru ekki nægilegar til að Hellisheiðarvirkjun geti framleitt rafmagn og heitt vatn af fullum afköstum allt árið.

ON óskar eftir að nýtt nýtingarleyfi verði að öllu leiti samhljóða nýtingarleyfinu frá 2. nóvember 2015 ásamt þeim breytingum á 5. og 6. greinunum sem óskað var eftir í bréfi til Orkustofnunar þann 13. mars 2020.

ON sendi tilkynningu til Skipulagsstofnunar um aukna massavinnslu jarðhitavökva á Hellisheiði skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna, þann 27.8.2021. Niðurstaða Skipulagsstofnunar, dags. 3.2.2022, er að framkvæmdin sé ekki líklegt til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem eru tilgreind í 2. viðauka laga um umhverfismat áætlana og framkvæmda. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Lög um stjórn vatnamála

Í 3. mgr. 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir: „Við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.“

Fjallað er um umhverfismarkmið í III. kafla laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Nánar er í 11. gr. kveðið á um flokkun vatnshlota og umhverfismarkmið og í 12. gr. segir að vernda skuli yfirborðs- og grunnvatnshlot og tryggja að ástand þeirra versni ekki. Ástand þeirra skuli styrkja og endurheimta með það að markmiði að efnafræðilegt ástand sé að lágmarki gott. Þá skuli tryggja sjálfbæra nýtingu grunnvatns þannig að jafnvægi sé milli vatnstöku og endurnýjunar.

Tilgreina þarf þau vatnshlot sem að framkvæmdin mun fara fram á sem og nærliggjandi vatnshlot sem kunna að verða fyrir áhrifum vegna hennar. Umhverfismarkmið viðkomandi vatnshlota, ástand og skilgreint álag má sjá í vatnaáætlun og vatnavefsja. Umhverfismarkmið eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega. Til þess að hægt sé að leggja mat á hvort að starfsemi og framkvæmdir hafi áhrif á vatnshlot þarf að fara fram mat á áhrifum á gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir vatnshlotin. Slík áhrifamat þarf að fjalla um:

- Skýran tilgang með matinu þ.e. að það er unnið til að meta áhrif starfsemi/framkvæmdar á umhverfismarkmið vatnshlotanna og hvort hætta sé á að ástand þeirra rýrni miðað við núverandi stöðu.
- Fjalla um vatnshlotin sem um ræðir, stöðu þeirra, umhverfismarkmið og ástand.
- Fjalla um þá gæðapætti sem notaðir eru til ástandsflökkunar og hvernig starfsemin/framkvæmdin hefur áhrif á þá gæðapætti.
- Gera þarf áætlun um að staðfesta ástand áður en framkvæmdir hefjast.
- Fjalla um hvort að umhverfismarkmið munu nást eða ekki.
- Umfjöllun um hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að bæta úr ástandi (ef það nær ekki umhverfismarkmiðum) og hvort þær mótvægisáðgerðir dugi til að upphefja ástandið í fyrri stöðu. Ef fyrirséð er að framkvæmdin leiði til þess að ástand viðkomandi vatnshlota muni versna og að umhverfismarkmið þeirra náist ekki þarf að fara í viðeigandi mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir hnignun ástands þannig að sjálfbær nýting grunnvatns sé tryggð og að jafnvægi sé milli vatnstöku og endurnýjunar.

Ef að framkvæmdin hefur þau áhrif að einhver þeirra gæðapátta sem verða fyrir áhrifum af framkvæmdinni fellur um ástandsflökk þá fellur vatnshlotið á umhverfismarkmiðum. Verði niðurstaða áhrifamats framkvæmdarinnar á vatnshlotið sú að ekki sé hægt að ná umhverfismarkmiðum vatnshlotsins getur framkvæmdaraðili sótt um að Umhverfisstofnun heimili breytingu á vatnshlotinu skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Leggja þarf fram viðeigandi gögn og greinargerðir sem sýna fram á að skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt.

Virðingarfyllt

Ríkey Kjartansdóttir,
sérfræðingur

Halla Einarsdóttir,
teymisstjóri